Umhverfisstofnun
Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24
IS – 108 Reykjavík
Tel: +354 591-2000
Fax: +354 591-2020
www.umhverfisstofnun.is
ust@umhverfisstofnun.is

Orkustofnun
Bryndís Guðrún Róbertsdóttir
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 24. maí 2017
UST201705-173/B.S.
10.05.01

**Efni: Umsókn um rannsóknaleyfi - efnistaka að hafsbotni, Eyri, Reyðafjörður. Umsögn**

Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 18. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreind umsókn um rannsóknaleyfi.
Tilgangur rannsóknanna er að staðfesta að jarðefni á fyrirhuguðu efnistökusvæði uppfylli gæðakröfur. Einnig munu verða tekin sýni með greip sem nýtt verða til rannsókna á botndýralífi sérstaklega m.t.t. kalkþörunga.
Ráðgert er að sækja sýni í þremur ferðum og er sótt um að teknir verði allt að 1.300 $m^3$ í hverri sýnatökuferð.
Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrædda umsókn þrátt fyrir að sýni séu í stærra lagi. Stofnunin vill benda á að samfara sýnatöku og greiningum á lífríki á fyrirhuguðum efnistökusvæðum ætti að kanna hvernig best verði að haga efnistökunni þannig að kalkþörungum stafi ekki hætta af henni og að ummerki á hafsbotni að efnistöku lokinni hindri ekki endurheimt lífríkis á efnistökusvæðunum.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri